

Eftir að heim er komið

Hreyfing: Mátt hreyfa þig að vild eftir að heim er komið. Gjarnan fara í smá göngutúr seinnipartinn ef veður leyfir. Mátt fara í vinnu þegar þú treystir þér til og einnig líkamsrækt. Margir eru heima í einn til tvo daga og allt upp undir viku ef fólk stundar mikla erfiðisvinnu.

Umbúðir: Umbúðir eru fjarlægðar eftir 48 klukkustundir. Ef einhverjar umbúðirnar eru fastar er gott að losa þær með því að fara í sturtu og láta blotna vel í þeim. Ef vessar úr einhverju gatinu er best að setja venjulegan heimilisplástur á gatið. Eftir sturtu er þerrað yfir stungugötin og farið í teygjusokka sem ná upp að hnjám.

Útlit: Þar sem æðahnútar hafa verið fjarlægðir verða lítil göt og mar í kring. Þessi göt geta verið sýnileg í einhverja mánuði eftir aðgerð. Ef þú verður var við að einhverjar smá tægjur eru við litlu götin er mikilvægt að ekki klóra þær af, þær detta af sjálfkrafa eftir nokkra daga en ef þetta er að trufla þig er hægt að klippa af inn við húð með hreinum skærum.

Teygjusokkar: Notaðu teygjusokka næstu tvær vikur (í lagi að nota hann lengur) að degi til.

Vinna: Þú mátt fara í vinnu eins fljótt og þú treystir þér til. Flestir eru komnir til vinnu aftur eftir tvo til þrjá daga.

Þú mátt fara að æfa eftir að umbúðir eru fjarlægðar tveimur dögum eftir aðgerð en mundu eftir að nota teygjusokkinn daglega fyrstu tvær vikurnar. Ekki fara í sund, baðkar eða heita potta fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Reykvíska Bláæðasetursins rvc.is. Hvetjum ykkur til að fara inn á heimasíðuna nokkrum dögum fyrir aðgerð til frekari glöggvunar. Ef þú hefur einhverjar athugasemdir eða spurningar varðandi meðferð er hægt að senda skilaboð til okkar í gegnum heimasíðuna.

RVC

REYKJAVÍK VENOUS CENTER

Þú hefur fengið tíma í aðgerð vegna

æðahnúta _____


klukkan _____

RVC
REYKJAVÍK VENOUS CENTER

BLÁÆÐASETRID

Lækna húsið Dea Medica
Álfheimar 74, 7. hæð | 104 Reykjavík
Sími: 515 1600 | Farsími: 699 0117

www.rvc.is



Undirbúningur fyrir aðgerð heima

Þú átt að fasta í 6 klukkustundir fyrir aðgerð en mátt drekka tæra agnalaus og fitulausa drykki s.s vatn, tægjulausa safa eða te allt að tveimur tímum fyrir aðgerð.

Farðu í sturtu að morgni og þvoðu þér með venjulegri sápu.

Ekki nota krem á fætur. Ágætt er að kaupa teygjusokka sem ná upp að hnjám fyrir aðgerð. Það er þó ekki þörf á að taka teygjusokkinn með sér þar sem hann er ekki notaður fyrr en umbúðir eru teknar af einum til tveimur sólarhringum eftir aðgerð.

Þú færð umbúðir á fætur eftir aðgerð sem eru nokkuð fyrirferðarmiklar. Því er gott að vera í mjúkum, víðum buxum og skóm sem eru rúmir og auðvelt er að fara í og úr.

Lyf

Þú skalt taka öll lyf eins og venjulega nema blóðþynnandi lyf og sykursýkislyf. Þau skalt þú taka með þér. Hjartamagnyl er í lagi að taka. Gott er að taka paracetamol (500 mg) þrjár töflur með hálfu vatnsglasi áður en þú kemur.

Ferðamáti

Gert er ráð fyrir að þú farir heim í fylgd. Þú mátt ekki keyra bíl svo gott er að gera ráðstafanir að einhver keyri þig og sækir að lokinni aðgerð.

Fyrir aðgerð

Þú færð róandi lyf (slæving) og yfirleitt einhver verkjalyf í æð meðan á aðgerð stendur. Þú getur þess vegna ekki keyrt bíl á aðgerðardeginum.

Aðgerð

Skurðlæknir framkvæmir skoðun og allir æðahnútar eru merktir með tússpenna. Gerð er ómskoðun. Aðgerðin er oftast gerð í slævingu og staðdeyfinu. Svæfingalæknir gefur bæði róandi og verkjalyf í æð fyrir staðdeyfinu. Meðan á aðgerð stendur getur þú fundið fyrir þrýstingi eða togi en ekki á að vera neinn sársauki eftir að búíð er að deyfa. Aðgerðin tekur um 30 til 90 mínútur.

Eftir aðgerð

Eftir að búíð er að vefja þéttum umbúðum um fótinn liggur þú á vöknun í 30 til 60 mínútur og á meðan þú ert að jafna þig færðu eitthvað að drekka og borða. Eftir það getur þú hringt og látið sækja þig, alla leið upp á skurðstofu. Ef þú ert með verki eftir aðgerð er gott að taka venjulegar verkjatöflur t.d paracetamol 500 mg, tvær töflur þrisvar á dag eða íbúfen 400 mg ein tafla þrisvar á dag.



Guðmundur Danielsson lauk læknanámi frá Háskóla Íslands 1988. Stundaði nám í almennum skurðlækningum með æðaskurðlækningar sem undirgrein í Lundi/Malmö. Starfaði á Straub Clinic and Hospital Honolulu, Hawaii í tvö ár og stundaði þá einnig rannsóknir á sviði bláæðasjúkdóma. Guðmundur hefur mikla reynslu í faginu.

Aukaverkanir

Einhver dofatilfinning getur verið nálægt stungugötunum í einhvern tíma eftir aðgerð. Yfirleitt kemur tilfinningin tilbaka eftir nokkra daga en einstaka sinnum getur þetta varað lengur.

Sýkingar eru mjög sjaldgæfar enda götin sem gerð eru mjög lítil. Ef þú sérð áberandi roða, finnur fyrir hita eða öðrum óþægindum sem benda til sýkingar þá hefur þú samband við okkur.

Blóðtappi eftir æðahnútaaðgerð er einnig mjög sjaldgæfur. Með því að vera á hreyfingu eins mikið og hægt er minnkar þú líkurnar á blóðtappa. Einkenni blóðtappa geta verið skyndilegur verkur í kálfa sem þú upplifir sem spenntan og heitan.

Tveimur vikum eftir aðgerð getur þú fundið fyrir smávægilegum verkjum á þeim stað þar sem laser meðferðin var gefin, yfirleitt á innanverðu læri eða aftanverðum kálfa. Það er ekkert hættulegt og nægir að taka verkjatöflu.

Algengt er að það séu smá bólgur í húð kringum götin en það jafnar sig yfirleitt á nokkrum dögum. Mar í húð þar sem æðahnútar voru hverfa á nokkrum dögum eða vikum.

Ef þú hefur einhver einkenni sem þér finnst óvenjuleg eftir aðgerð þá hefur þú samband.